

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

30. janúar 2015

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Nú er prófum lokið og skólastarf aftur fallið í fastar skorður.

Starfið framundan:

Ferð 9. bekkjar að Laugum í Dalasýslu

Vikuna 2.- 6. febrúar verða 9. bekkingar í Ungmenna- og tómstundabúðunum á Laugum í Dalasýslu en hefð er fyrir því að 9. bekkur dvelji þar eina viku á ári. Dvölinna þar fjármagna þeir með rekstri kaffihúss og annarri fjáröflun. Umsjónarkennari þeirra, Fríða Eyjólfsdóttir, verður með þeim á Laugum.

Starfskynning 10. bekkjar

10. bekkur fer í starfskynningu dagana 4.- 6. febrúar. Þá velja nemendur bekkjarins nokkur fyrirtæki til að heimsækja og kynna sér starfsemi þeirra. Nemendur skila svo greinargerð um dagana þegar þeir koma aftur í skólann.

Öskudagur

Miðvikudaginn 18. febrúar er öskudagur og þá brjótum við upp skólastarfið að vanda. Nemendur mæta í skólann á venjulegum tíma, uppáklæddir í hina ýmsu búninga. Tímanum fram að kaffi er svo varið í að mála þá sem þessa þurfa og æfa söng. Eftir kaffi eru fyrirtækin í staðnum heimsótt þar sem ævinlega er tekið á móti okkur með einhverjum kræsingum. Skóla lýkur svo um kl. 12 og er enginn hádegismatur þann dag.

Grímuball

Grímuball fyrir 1.- 6.bekk og leikskólabörn verður þriðjudaginn 17. febrúar, sprengidag, frá kl. 16:00-18:00 en ball fyrir eldri nemendur verður auglýst síðar.

Vetrarfrí

Fimmtudaginn og föstudaginn 19. og 20. febrúar er vetrarfrí í skólanum.

Starfsdagur kennara

Mánudaginn 23. febrúar verður starfsdagur kennara og er því frí hjá nemendum þennan dag.